

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

330. fundur

Föstudaginn 6. nóvember 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn sem var fjarfundur hófst kl. 11:00.

Mætt voru

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI), öll á fjarfundi.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Árshlutareikningur 30. september 2020.
2. Fjárhags- og starfsáætlun 2021 – 2025.
3. Leiðakerfisbreytingar á leið 6, 7 og 18.
4. Farþegatalningar.
5. Önnur mál
 - a. Stjórnsýsla byggðasamlagana.
 - b. Rekstraráætlun nýs leiðanets – staðan.
 - c. Erindi frá umhverfis- og samgönguráði Hafnarfjarðar varðandi vagnastærð á leið 19.

Tekið fyrir:

1. Árshlutareikningur 30. september 2020

Framkvæmdastjóri Strætó lagði fram og kynnti níu mánaða uppgjör félagsins. Árshlutauppgjörin er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins. Rekstrarafkoma fyrstu níu mánaða ársins er undir áætlun sem nemur um 206 m.kr. Tekjur eru um 522 lægri en áætlun gerði ráð fyrir og skýrist að öllu leyti af Covid 19 heimsfaraldrinum. Rekstrargjöld eru um 200 mkr. lægri en áætlun sem skýrist af aðhaldsaðgerðum sem gripið hefur verið til á árinu 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu árshlutareikning Strætó bs. 30. september 2020 með undirritun sinni

2. Fjárhags- og starfsáætlun 2021 - 2025

Áframhaldandi umfjöllun um fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. 2021-2025.

Á eigendafundi Strætó bs. 23. október 2020 kynntu stjórn og framkvæmdastjóri spá stjórnar um rekstrarafkomu ársins 2020, áætlaða sjóðsstöðu í árslok 2020 og fyrirbyggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2021-2025. Eigendavettvangur var sammála um að áætlunin sé lögð fram til sveitarfélaganna en vakti jafnframt athygli á að viðræðum við ríkið um rekstrarvanda Strætó bs. vegna Covid 19 er ekki lokið. Stefnt er að því þeim viðræðum ljúki ekki síðar en 25. nóvember n.k.

Frá eigendafundinum þann 23. október sl. hefur sjóðsstreymisáætlun Strætó breyst þar sem áfangagreiðsla til FARA AS vegna rafræns greiðslukerfis frestast fram á næsta ár.

Fjárfestingarkostnaður 2020 lækkar þar með um 100 m.kr. og breytist fjárfestingaráætlun Strætó 2021 til samræmis við það.

Stjórn Strætó samþykkir að fyrirbyggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. 2021-2025 sé lögð fram til aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins.

3. Leiðakerfisbreytingar á leið 6, 7 og 18

Sólrún Svava Skúladóttir, leiðakerfissérfræðingur hjá Strætó, kynnti fyrirhugaðar breytingar á leiðum 6, 7 og 18 ásamt kostnaðarútreikningi. Ekki er gert ráð fyrir að heildarkostnaður vegna breytinganna verði meiri en núverandi kostnaður er. Lagt er til að breytingin taki gildi sumarið 2021.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um breytingar á leið 6, 7 og 18.

4. Farpegatalningar

Sólrún Svava Skúladóttir, leiðakerfissérfræðingur hjá Strætó, kynnti tölfræði farpegatalninga það sem af er ári 2020.

5. Önnur mál

- a) Endurskoðun á skipulagi og stjórnarháttum um stjórnarsýslu byggðasamlaga sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins.
Umræður urðu um verkþætti sem í skoðun eru hjá framkvæmdastjóra í tengslum við endurskoðunina og hvernig aðkoma Strætó bs. er að verkefninu.
Framkvæmdastjóra var falið að óska eftir því að framkvæmdastjóri SSH komi á fund stjórnar og kynni stöðu verkefnisins.
- b) Rekstraráætlun almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.
Framkvæmdastjóri kynnti vinnu starfshóps um rekstraráætlun nýs leiðanets.
- c) Breytingar á leiðakerfi Strætó í Hafnarfirði.
Lagt var fram erindi frá umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar, dags. 29.10.2020.
Framkvæmdastjóra var falið að vera í sambandi við bréfitara vegna erindisins.

Fundi slitið kl. 12:45.

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur Strætó 30.09.2020.
- Fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2021 – 2025.
- Minnisblað um leiðakerfisbreytingar.

Hjálmar Sveinsson

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson